

## ÞORRABLÓT EFLINGAR.



Þorrablót Eflingar verður haldið laugardaginn **8. febrúar** á Breiðumýri.  
Takið daginn frá, nánar auglýst síðar.  
Nefndin.



UNGMENNAFÉLAGIÐ  
EFLING  
LEIKLISTARHÓPUR

## Leikdeild Eflingar

Fyrsti fundur/samlestur Leikdeildar Eflingar árið 2014 verður á Breiðumýri þriðjudagskvöldið 21. janúar kl. 19:30. Þar hefjast æfingar á nýju, leikverki eftir Hörð Þór Benónýsson, með tónlist eftir Jaan Alavere. Leikstjóri Jenný Lára Arnórsdóttir  
Allir sem áhuga hafa á að taka þátt, á einn eða annan hátt, velkomnir.

Leiknefnd Eflingar



## Þorrablót Ljósvetninga

Þorrablót Ljósvetninga verður í Ljósvetningabúð laugardagskvöldið 8. febrúar nk.  
Nánar auglýst síðar  
*nefndin*

### Geðorö vikunnar.

#### HALTU ÁFRAM AÐ LÆRA SVO LENGI SEM ÞÚ LIFIR

*Það eykur viðsýni og umburðarlyndi að geta tamið sér nýjungar.*

*Löngun til að læra meira í dag en í gær stuðlar að persónulegum þroska.*

*Með opnum huga verður auðveldara að sjá lausnir á vandamálum .*

Samráðshópur um áfallahjálp í Þingeyjarsýslu

Gleðilegt nýtt ár, þökkum fyrir samstarfið og viðskiptin á síðasta ári. Með von um að árið 2014 verði ykkur gjöfult og ánægjulegt.

## Dagskrá vetrarins hjá Sel-Hótel Mývatni



- 24. Janúar Bóndagurinn (Böndadagstilboð)
- 21.-23. febrúar Konudagshelgin; Konudagstilboð
- 23. febrúar Mér er skemmt; sagnaskemmtun og árbítur
- 7.-9. Mars Mývatn Open, Hestar á ís.
- 14-16. Mars Mótorkrossmót á Mývatni
- 22. mars Snjósleðaferð í nágrenni Mývatns – allir velkomnir
- 6-11. apríl Gönguskíðaferð í nágrenni Mývatns (hægt að velja 1 dag eða fleiri)
- 6.-11. apríl Vordægur í Mývatnssveit; eldri borgara dagar fyrir 60+
- 25-27. apríl Tapaz helgi

Nánari upplýsingar á [www.myvatn.is](http://www.myvatn.is) og fylgist einnig með facebookinni okkar.

Nokkrar helgar enn lausar fyrir fyrirtæki, vinahópa, saumaklúbbinn, félagahópa og svo ekki síst fyrir einstaklinga. Hringið í s. 464 4164 og fáðið tilboð eða sendið tölvupóst á [myvatn@myvatn.is](mailto:myvatn@myvatn.is)

Athugið að við erum með opið alla daga ársins (nema viku í kringum jólin). Kaffi Sel er einnig opið fyrir léttar veitingar frá 9-17 alla daga. Tökum alltaf vel á móti ykkur, kíkið við þó þið þurfið ekki nema rétt að skjótast á náðhúsið. Þið eruð alltaf velkomnir.

Sel-Hótel Mývatn, Skútustöðum, Mývatnssveit s. 464 4164  
netfang: [myvatn@myvatn.is](mailto:myvatn@myvatn.is)  
[www.myvatn.is](http://www.myvatn.is)

2.tbl.  
16. janúar  
2014  
21. árg.

## Hlaupastelpan

[hlaupastelpan@isl.is](mailto:hlaupastelpan@isl.is); s:4643366/gsm:8953386



### Þorrablot í Bárðardal 2014

Þá er komið að því !!!

Laugardagskvöldið **25. janúar** verður þorrablot UMF Einingarinnar haldið í Kiðagili. Borðhald hefst kl 20:30 en húsið opnar kl 19:45.

Á staðnum verða dúkar, diskar, glös og munnþurrkur en **ekki hnifapör né veitingar**. Fólki er að sjálfsögðu frjálst að koma með eigin dúka og munnþurrkur eða borðskraut ef löngun er fyrir hendi.

Aðgangseyrir er 2.300 kr. 16 ára aldurstakmark.  
Hljómsveit Bigga Ara leikur fyrir dansi að borðhaldi loknu.

**Pantanir** þurfa að berast fyrir kl. 18:00  
**miðvikdaginn 22. janúar** til

Heiðrúnar í síma 4643292 / 8649492 eða í netfangið  
[storuvellir@simnet.is](mailto:storuvellir@simnet.is)

eða  
Sigga í síma 4643294 eða í netfangið [sipa@mi.is](mailto:sipa@mi.is)

Aðgangseyri er hægt að greiða við innganginn. **ATH ekki posi**. Hægt er að greiða aðgangseyri á reikning 1110-26-580 kt. 600799-2589 fyrir kl. 14:00 laugardag. 25. jan. Þá þarf að senda kvittun á netfangið [linatr@simnet.is](mailto:linatr@simnet.is). Nefndin mælir eindregið með að sem flestir leggi inn á reikning félagsins til að sporna við örtröð og múgæsingu í inngangi

Í Bárðardalnum brestur á  
blótsins mikla kæti.  
Margir gleði þessa þrá,  
þrengjum oss í sæti.

Sjáumst kát og hress  
nefndin

